

um 3 árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 15.000,00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 25. júní 1983 að telja.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. júní 1985.

Nr. 192/1983. **Jón Ingi Eldon Hannesson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Jacqueline Mary Friðriksdóttur

(Guðmundur Ingi Sigurðsson hrl.)

Hjón. Búskipti. Kröfu um ógildingu skilnaðarsamnings hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. október 1983. Dómkröfur hans eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að skilnaðarsamningur aðilja um fjárskipti frá 21. janúar 1982 sé eigi skuldbindandi fyrir hann. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hefur stefnda öðlast íslenskan ríkisborgararétt og tekið sér eftirnafnið Friðriksdóttir.

Samkvæmt skilnaðarsamningi aðilja naut stefnda ekki framfærslueyris frá áfrýjanda, eftir að skilnaður var gerður að borði og

sæng. Hún hafði forræði barna málsaðilja, og kom í hennar hlut að ala önn fyrir þeim á heimili sínu. Að þessu athuguðu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Ingi Eldon Hannesson, greiði stefndu, Jacqueline Mary Friðriksdóttur, 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júlí 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. júní sl., höfðaði Jón Ingi Eldon Hannesson kennari, Kaplaskjólsvégi 37, Reykjavík, nnr. 5141-3008, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 29. nóvember 1982, gegn Jacqueline Mary Hannesson Slaughter námsstjóra, Stigahlið 2, Reykjavík, nnr. 4843-5475.

Dómkröfur stefnanda eru, að viðurkennt sé með dómi, að skilnaðarsamningur aðilja um fjárskipti frá 21. janúar 1982 sé eigi skuldbindandi fyrir stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur stefndu eru sýkna af kröfum stefnanda og málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Málavextir.

Stefnandi og stefnda gengu í hjúskap í Englandi 9. júní 1962. Þau fluttu til Íslands 1966 og hafa bæði stundað kennslu hér á landi. Í dag er maðurinn menntaskólakennari og konan námsstjóri í ensku á grunnskólastigi. Hjónin eiga tvær dætur, fæddar 1966 og 1971.

Hinn 21. janúar 1982 óskuðu hjónin eftir skilnaði að borði og sæng. Samkvæmt framlögðu endurriti úr hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur voru hjónin sammála um skilnaðarskilmála bæði hvað varðar forræði barna og meðlagsgreiðslur með þeim svo og um skiptingu eigna, en um þau er svaðhljóðandi bókun í endurritinu:

„Eignir búans og skuldir eru: Íbúð að Stigahlið 2, 4.h. t.h. 5-6 herbergja

sem kemur í hlut konu og tekur hún jafnframt að sér að greiða skuldir sem á henni hvíla. Hesthús C tröð 11 í Víðidal verður í sameign hjónanna að jöfnu. Vilji annað selja sinn hluta á hitt forkaupsrétt að honum. Hvor aðili á áfram þá hesta sem hann á nú. Bifreiðina R-65454 hefur konan svo lengi sem hún óskar en verði bifreiðin seld skiptist andvirðið að jöfnu milli hjónanna. Konan fær í sinn hlut innbú þeirra hjóna, að undanskildum persónulegum hlutum mannsins.“

Aðiljar hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi. Fram kom hjá stefnanda, að síðustu þrjú sumur, áður en þau hjón slitu samvistum, hafi konan verið við nám í Englandi. Þegar konan kom hingað til lands haustið 1981, hafði maðurinn kynnst annarri konu. Hinn 1. nóvember hafi hann sagt konu sinni frá þessu og þá hafi konan rekið hann að heiman. Hann hafi komið aftur heim daginn eftir að ósk konunnar og verið heima í þrjár vikur og reynt að ræða við konuna. Konan hafi tekið þessu ákaflega illa og reynt að fá manninn til þess að láta af ástum sínum til hinnar konunnar. Hinn 21. nóvember kvaðst stefnandi hafa ákveðið að taka af skarið og fara að heiman. Konan hafi verið ákaflega miður sín, en sagt, að hann mætti fara að heiman, ef hún fengi íbúðina. Maðurinn hafi sagt gott og vel, þú mátt eiga íbúðina. Síðan hafi maðurinn farið að heiman og tekið upp sambúð við hina konuna, sem hann nú er kvæntur. Um jólin hafi stefnda dvalist með dætur þeirra hjóna í Englandi hjá foreldrum sínum. Í janúar hafi sambyliskona stefnanda farið af landi brott og þá hafi stefnda haft samband við stefnanda og spurt, hvort þau ættu ekki að ganga frá skilnaði að borði og sæng. Stefnandi hafi rætt málin við stefndu og verið ákaflega feginn, hvað hún var róleg og yfirveguð og virst vera búin að ná sér. Þau hafi rætt málin sérstaklega, hvað varðaði börnin og eignaskipti, og hafi stefnda spurt, hvort stefnandi stæði ekki við afsal á íbúðinni og hann sagst gera það. Hugmynd stefnanda um eignaskiptin hafi verið, að þó að stefnda fengi íbúðina, þá kæmi t.d. hesthús, bíll og meðlag með börnum upp í, en stefnandi hafi verið svo fegin, að stefnda hafði jafnað sig. Hann hafi vorkennt henni og þótt vænt um hana og í hvert skipti sem stefnda hafi spurt, hvernig verður með þetta og hvernig verður með hitt, þá hafi stefnandi sagt, við skulum skipta þessu jafnt. Sama hafi gerst hjá borgardómara. Stefnanda hafi ekki verið ljóst, að hann þyrfti sjálfur að skapa sér aðstöðu, hann hafi flutt til annarrar konu, sem átti bíl og leigði íbúð. Stefnandi hafi verið feginn, nú væri þetta allt klappað og klárt, hann laus og jafnframt að konan hafi virst vera búin að ná sér á þessum tveim mánuðum. Stefnandi kvaðst gjarnan hafa viljað tryggja, að stefnda hefði fjárhagslegan grundvöll til þess að sjá um börnin. Ákvörðun um, að stefnda fengi innbúð og helming af öðrum eignum fyrir utan íbúðina, sem stefnda fékk, hafi gerst í kringum 21. janúar, búð hafi verið að ræða það lauslega, áður en þau

komu til borgardómara. Stefnandi taldi ekki, að hann hafi verið neyddur til þess að gera svona samning. Honum hafi verið fyllilega ljóst, að þetta voru óeðlileg skipti. Konan hafi ekki verið með neinar ákveðnar kröfur og maðurinn ekki heldur, þetta hafi bara farið svona. Hann hafi ekki þorað að gera neitt til þess að raska jafnvægi konunnar. Seinna hafi hann óskað eftir því, að stefnda seldi bílinn eða aðstoðaði sig við rekstur hesthússins, því hafi stefnda neitað. Nú hafi bæði bíllinn og hesthúsið verið selt. Áður en stefnandi keypti íbúðina að Stigahlíð 2, hafði hann keypt og selt íbúð að Bólstaðarhlíð 31. Stefnandi var um margra ára skeið formaður launamálaráðs BHM.

Fram kom hjá stefndu, að þegar stefnandi hafi sagst vera búinn að taka þessa ákvörðun að fara að heiman og að þetta væri alveg ákveðið, hafi stefnda brotnað niður. Hún hafi aldrei krafist þess að fá íbúðina, en hún hafi spurt um íbúðina og maðurinn sagt, auðvitað færð þú íbúðina. Konan kvaðst ekki muna eftir því, að talað hafi verið um íbúðina aftur, áður en farið var til borgardómara, en þar hafi verið spurt um, hver ætti að eiga þetta og hitt, og hafi stefnandi svarað því og konan skrifað undir, en ekki sagt orð. Þegar þau fóru til borgardómara, hafi konan búið við því að fá íbúðina, en talið, að maðurinn hefði eins getað verið búinn að skipta um skoðun. Maðurinn hafi ákveðið bæði með innbúið og bílinn. Konan kvaðst hafa greitt kr. 51.950,00 í afborganir og vexti vegna íbúðarinnar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Því er haldið fram, að þar sem fjárskipti aðilja málsins, eins og þau voru ákveðin, er þau skildu að borði og sæng þann 21. janúar 1982, séu bersýnilega ósanngjörn, hvað varði hlut stefnanda í félagsbúinu, þá beri skv. kröfu hans að telja samkomulagið óskuldbindandi. Búinu hafi verið skipt þannig, að hlutur stefnanda hafi aðeins verið helmingur bifreiðar af gerðinni LADA árgerð 1979, sem vera skyldi í vörslu stefndu, allt þar til stefnda ákveði að selja bifreiðina, svo og helmingur af hesthúsi í Viðidal. Hlutur stefndu sé hins vegar auk helmings af framangreindu, íbúð að Stigahlíð 2 og allt innbú að frádregnum persónulegum munum stefnanda.

Á íbúðinni hafi hvílt eftirtaldir skuldir:

- | | | |
|---------------------------------------|-----|-----------|
| a) Landsbanki Íslands - veðdeild G-25 | kr. | 17.120,00 |
| b) Lífeyrissjóður Reykjavíkurborgar | “ | 23.000,00 |
| c) Tryggingastofnun ríkisins | “ | 11.000,00 |

Samtals kr. 51.120,00

Kröfur sínar rökstyður stefnandi með vísan til 54. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar. Sú grein sé að mestu sama efnis og 79. gr.

laga nr. 39/1921, sem áður hafi gilt um hjúskaparmál. Ákvæði 54. gr. snúi aðeins að fjármálagerningum, sem gerðir séu við skilnað, en forræði barna og réttur föður til umgengni o.fl. falli utan greinarinnar. Við ákvörðun á því, hvort skilyrði greinarinnar séu fyrir hendi, skuli beita hlutlægum mælikvarða.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram, að leggja beri hlutlægt mat á samninginn sjálfan, hvorki skipti máli aðdragandi að gerð samningsins né hver hafi óskað skilnaðar eða ákveðið skiptin.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Því er haldið fram, að er skiptin voru gerð í janúar 1982, hafi ekki verið til staðar nein þau atriði, sem geti réttlætt það, að dómur lýsi þau óskuldbindandi. Stefndandi hafi sjálfur kosið að yfirgefa konu sína og börn. Hann hafi sjálfur ráðið öllu um skiptin á búinu. Hann hafi verið með fullu viti og vel vitað, hvað hann var að gera, enda megi segja, að skiptatillögur hans spegli drengskap við eiginkonuna, sem hafi unnið fyrir honum, þegar hann var í námi, og unnið að myndun eignanna ekki síður en hann, jafnframt því sem hún hafi veitt heimili þeirra forstöðu og séð um uppeldi barnanna. Þetta sé að vísu ekkert einsdæmi, að maður, sem skilji við konu sína svo sem með því að tryggja henni og börnum sínum húsnaði (sic). Ákvörðun stefnanda hafi ekki á nokkurn hátt verið fljótfærnisleg, því hann hafi haft nægan tíma til umhugsunar áður en skiptin voru framkvæmd. Það hafi liðið tveir mánuðir frá því að stefndandi fór að heiman í nóvember 1981 og þar til skiptin voru gerð í janúar 1982. Stefnda hafi mjög reynt að bjarga hjónabandi sínu, þannig að ekki verði sagt, að hrapað hafi verið að þessum skiptum. Stefnda hafi ekki sjálf komið með neinar tillögur um eignaskiptin og hafi ekki sett fram neinar sérstakar óskir. Hún hafi engar kröfur gert til lífeyrisgreiðslna, meðan skilnaður að borði og sæng varði, og ekki neytt heimildar í barnalögum til þess að krefjast framfærslueyris með börnunum allt til 20 ára aldurs þeirra. Stefnda hafi sýnt mikla sanngirni að þessu leyti, enda hafi henni verið ljóst, að stefndandi gerði vel við hana með því að ákveða, að íbúð fjölskyldunnar kæmi í hennar hlut. Stefnda hafi yfirtekið áhvílandi veðskuldir, en í árslok 1981 hafi skuldir búsins numið samtals kr. 83.925,00, svo sem dskj. 9 beri með sér. Ef nú væri heimilað að taka upp skiptin, þá yrði það mikil röskun og talsvert vandamál, hvernig standa ætti, að uppgjöri, þar sem stefnda hafi að sjálf-sögðu greitt allar skuldir af íbúðinni og staðið undir rekstri hennar allan tímann frá því að hún eignaðist hana ein.

Við mat á því, hvort skiptin teljist ósanngjörn, verði að skoða skilnaðarkjörin í heild. Bent er á, að stefnda hafi ekki notið neinnar leiðbeiningar lögfræðings, svo sem endurritið úr hjónaskilnaðarbókinni beri með sér. Þá beri að hafa í huga, að fyrstu sex mánuði ársins 1982 virðist stefndandi hafa

verið hinn ánægðasti með það, hvernig hann gerði við konu sína og börn við skilnaðinn. Þegar hann hafi skynjað, að dætur hans vildu ekki þýðast hann, þá hafi hann brugðist hinn versti við og hugsi sér að vega að konunni og raunar börnunum um leið með því að biðja um, að skiptin verði tekin upp og þannig reyna að þrengja kosti konunnar og barna sinna og stefna fjárhagslegu öryggi þeirra í voða. Dómstólar eigi að sjálfsögðu ekki að ljá eyra slíkum kröfum, sem stjórnist af jafn neikvæðum kenndum og hér virðist vera.

Rétt túlkun á 54. gr. laga nr. 60/1972 leiði til sýknu, þar eð ekki séu skilyrði til að verða við kröfu stefnanda, þegar allar upplýsingar stefndu séu skoðaðar, virtar og vegnar. Slíkt endurskoðunarákvæði, sem felst í 54. gr. laga nr. 60/1972, sé undantekning frá meginreglunni um skuldbindandi gildi samninga. Þess vegna beri að túlka þetta ákvæði þröngt. Samningafrelsi á þessu sviði sé mjög víðtækt, þannig að hjónum, sem stefna í skilnað, sé frjálst að koma sér saman um fjárskipti sín með hverjum þeim hætti, sem þau kjósa. Hins vegar sé endurskoðunarheimildin í 54. gr. byggð á því, að stundum, við hreinar undantekningaraðstæður sé rétt að vernda aðilja, sem hart hafi orðið úti í samningum um fjárskipti vegna skilnaðar. Þau rök, sem einkum hafi þótt mæla með sérstakri verndarreglu á þessu sviði, séu: Ónógar eða óglöggar upplýsingar við samningsgerðina, aðiljar undir miklu sálrænu álagi við samningsgerð, sá, sem krefst endurskoðunar, hafi verið um of háður maka sínum eða sinnuleysi. Þegar þannig standi á, þá geti það komið fyrir, að aðili geri óhagstæðari samning eða viki of mikið frá helmingaskiptareglunni, þannig að réttlæt看legt sé að endurskoða samninginn. Hins vegar felist ekki í þessu nein réttlæt看ing til að heimila endurskoðun vegna þess, að aðili iðrist þess, að hann hafi gert of vel við maka sinn, eða hann fyllist heift og vilji reyna að ná sér niðri á fyrrverandi maka með því að láta taka upp skipti.

Álit dómsins.

Ekki verður á þá skoðun stefnanda fallist, að samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/1972 skuli beita hlutlægu mati, þannig að fái annað hjóna við búskipti vegna skilnaðar meiri eða mikinn meiri hluta eigna bús í sinn hlut, þá skuli samningur lýstur óskuldbindandi, ef þess er krafist. Enda yrði þá lítið úr því samningafrelsi, sem lög nr. 60/1972 veita hjónum við skilnað, ef í hverju tilviki þegar annar aðili fengi stærri hlut en hinn bæri að taka til greina kröfu um ógildingu samnings. Túlkun stefnanda gengur gegn orðalagi greinarinnar, en þar segir, að unnt sé með dómi að lýsa samninginn óskuldbindandi. Ákvæði 54. gr. laga nr. 60/1972 er sama efnis og ákvæði 59. gr. og 79. gr. laga nr. 39/1921, enda þótt orðalag sé ekki það sama og málshöfðunarfrestur lengri eftir núgildandi lögum. Í tilvitnuðum

greinum úr lögum nr. 39/1921 segir m.a., getur þá það hjóna er þykir hallað á sig, stefnt hinu fyrir dóm og dómurinn hrundið samningnum. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 39/1921 segir m.a. svo um 59. gr., þá þykir þó verða að opna því hjóna, er of hart hefir orðið úti, t.d. af því að hitt hefur leikið á það, leið til leiðréttingar. Við niðurstöðu máls þessa þykir því bera að taka afstöðu til samningsins sjálfs, aðdraganda að gerð hans og annarra atvika málsins.

Samkvæmt framlögðu skattframtali málsaðilja fyrir árið 1981, dags. 27. febrúar 1982, voru eignir búsins, íbúðin að Stigahlið 2, bifreiðin R-65454, hesthús og hestar. Áhvilandi skuldir voru kr. 83.925,00. Eins og að framan er rakið, fékk konan í sinn hlut íbúðina, innbú og helming af öðrum eignum búsins og tók jafnframt að sér greiðslu áhvilandi skulda, þannig að ljóst er og óumdeilt, að konan fékk mikinn meiri hluta af eignum búsins.

Þá er samningurinn var gerður, var stefnandi, sem er menntaskólakennari og fyrrverandi formaður launamálaráðs BHM, tæplega 45 ára gamall. Þá voru liðnir tveir mánuðir frá því að stefnandi fór að heiman og tók upp sambúð við konu þá, sem hann nú er kvæntur, og þá voru um leið liðnir tveir mánuðir frá því að hann hafði fyrst sagt, að konan mætti eiga íbúðina.

Þegar litið er til framburðar stefnanda og þá sérstaklega þess, að konan hafi ekki gert neinar ákveðnar kröfur, hann hafi ekki verið neyddur til þess að gera samninginn og honum hafi verið fyllilega ljóst, að skipti samkvæmt samningnum væru óeðlileg, og þess, sem hér að framan var rakið, þá þykja ekki vera fyrir hendi skilyrði 54. gr. laga nr. 60/1972 til þess að lýsa samning aðilja óskuldbindandi, og verður sýknukrafa stefndu því tekin til greina.

Eftir atvikum þykir hæfilegt, að stefnandi greiði stefndu kr. 15.000,00 í málskostnað.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Jacqueline Mary Hannesson Slaughter, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Inga Eldon Hannessonar, í máli þessu. Stefnandi greiði stefndu kr. 15.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.